

## Svar

### utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra við fyrirspurn frá Þorsteini Víglundssyni um nefndir og starfs- og stýrihópa.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hvaða nefndir og starfs- og stýrihópar á málefnasviði ráðherra hafa verið sett á fót á yfirstandandi kjörtímabili og hver eru hlutverk þeirra?*

Eftirfarandi nefndir og starfs- og stýrihópar á málefnasviði utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra hafa verið settir á fót á yfirstandandi kjörtímabili:

**Starfshópur um eflingu samskipta Íslands og Grænlands**, sem hefur það hlutverk að greina á heildstæðan hátt tvíhliða samskipti Íslands og Grænlands og var falið að gera tillögur um aðgerðir sem hægt væri að framkvæma á næstu árum til að standa vörð um hagsmuni Íslands gagnvart Grænlandi.

**Starfshópur um eflingu samskipta Íslands og Póllands**, sem hefur það hlutverk að greina á heildstæðan hátt tvíhliða samskipti Íslands og Póllands og var falið að gera tillögur um aðgerðir sem hægt væri að framkvæma á næstu árum til að standa vörð um hagsmuni Íslands gagnvart Póllandi.

**Starfshópur um efnahagsþróun á norðurslóðum**, sem hefur það hlutverk að greina efnahagsþróun á norðurslóðum og gera tillögur um áþreifanlegar aðgerðir sem hægt væri að framkvæma á næstu árum til að tryggja sem best hagsmuni Íslands.

**Starfshópur vegna skýrslu um aðild Íslands að EES**, sem skipaður var til að vinna skýrslu um kosti og galla aðildar Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Beiðni um skýrslugerðina kom frá Ólafi Ísleifssyni og fleiri alþingismönnum (þskj. 688 í 478. máli).

**Starfshópur vegna innleiðingar Íslands á bókun 35 við EES-samninginn**, sem skipaður var til að bregðast við formlegum athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um að Ísland hefði ekki innleitt á fullnægjandi hátt þær skuldbindingar sem bókun 35 við EES-samninginn mælir fyrir um. Starfshópnum var falið að fara yfir röksemdir ESA og leggja mat á hvort athugasemdir stofnunarinnar kalli á endurskoðun íslenskra laga og jafnframt að undirbúa svör Íslands við athugasemdum ESA.

**Starfshópur um mannréttindamiðaða þróunarsamvinnu í tvíhliða samstarfi**, sem skipaður var til að greina og útfæra þær leiðir sem heppilegar eru fyrir Ísland til að nýta við innleiðingu mannréttindamiðaðrar þróunarsamvinnu hvað varðar sértækar aðgerðir, mál-svarastarf og samþættingu.

**Starfshópur vegna Háskóla SP á Íslandi**, sem skipaður var til að gera tillögu um rekstur, skipulag og starfshætti Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

**Norrænn tengiliðahópur vegna skýrslu um eflingu norræns samstarfs á sviði utanríkis- og öryggismála**, sem skipaður var af utanríkisráðherrum Norðurlandanna. Hver utanríkisráðherra skipaði tvo fulltrúa í tengiliðahópinn sem verður skýrsluhöfundur, Birni Bjarnasyni, til ráðuneytis um þróun tillagna.

**Þingmannanefnd um endurskoðun á stefnu Íslands í málefnum norðurslóða**, sem skipuð er fulltrúum allra þingflokka. Nefndin skal skila tillögu til utanríkisráðherra að nýrri norðurslóðastefnu.

**Matshópur vegna Samstarfssjóðs**, sem hefur það hlutverk að meta styrkumsóknir til Samstarfssjóðs við atvinnulíf um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna á faglegum forsendum og leggja fram tillögur um úthlutun styrkja.

**Matshópar vegna styrkja til félagasamtaka**, tveir matshópar voru skipaðir til að meta styrkumsóknir á faglegum forsendum og leggja fram tillögur um úthlutun styrkja. Matshóparnir eru vegna þróunarsamvinnuverkefna annars vegar og mannúðarverkefna hins vegar.